



AKUREYRARBÆR
Bæjarlögmaður

Alþingi - Nefndasvið
Austurstræti 8-10
150 REYKJAVÍK

Akureyri, 29.10.2018
2018100186 01-106-05

Efni: Umsögn til nefndasviðs Alþingis vegna 172. og 173. máls (samgönguáætlun)

Bæjarstjórn Akureyrar þakkar fyrir það tækifæri að fá að koma með athugasemdir við þetta mikilvæga málefni.

Bæjarstjórn leggjum mikla áherslu á að uppbyggingu á Akureyrarflugvelli verði flýtt og hafist verði handa strax á árinu 2019. Smæð flughlaða og skortur á flugstöðum á flugvöllum á Akureyri og Egilsstöðum er ein stærsta ógn við öryggi flugs til og frá Íslandi. Í samgönguáætlun er ekki að sjá að neinu fjármagni skulið varið til þessara mála á árunum 2019-2023. Að okkar mati er slíkt með öllu óforsvaranlegt. Jafnframt yrði uppbygging til þess fallin að hægt væri að bjóða upp á aðstöðu til þess að taka við millilandaflugi og opna þannig nýja gátt inn í landið.

Í áætluninni segir ennfremur að nauðsynlegt fjármagn til viðhalds og framkvæmda á flugvallarmannvirkjum og flugleiðsögubúnaði innanlandsflugvalla hafi verið metin um 700 milljónir króna á núvirði en fram kemur í áætluninni að uppsöfnuð þörf vegna vanfjárfestingar undanfarin ár þýðir að hún nemur nú um 1.200 milljónum króna árlega næstu árin ef koma á innviðum innanlandskerfisins í viðunandi horf á næstu fimm árum. Síðustu 10 ár hefur að meðaltali verið varið að núvirði um 365 milljónum króna til viðhalds og framkvæmda á flugvallarmannvirkjum og flugleiðsögubúnaði. Það er rétt rúmlega helmingur af því fjármagni sem talið er nauðsynlegt til að verja árlega til viðhalds á núverandi mannvirkjum. Bæjarstjórn Akureyrar vill brýna stjórnvöld til þess að bæta þarna úr.

Þá hvetjur bæjarstjórn samgöngunefnd til þess að skýra orðalag og marka stefnu um gervihnattaleiðsögu (EGNOS), þar sem tryggt yrði að fullur styrkur næðist um allt land. Núverandi ástand er óviðunandi og óbreytt orðalag þýðir að okkar mati óbreytt ástand.

Bæjarstjórn fagnar því að Dettifossvegur sé kominn á fjármagnaða áætlun og að séð er fyrir endan á þeirri framkvæmd, en minnir á mikilvægi þess að veginum verði haldið opnum yfir vetrartímann.

Bæjarlögmaður

Bæjarstjórnin leggur að lokum áherslu á að við forgangsröðun aðgerða verði tekið tillit til óska sveitarstjórna og sóknaráætlana landshluta. Þá vill bæjarstjórn minna á stefnuyfirlýsingu ríkisstjórnarinnar, en þar segir “Huga skal að möguleikum til þess að opna fleiri gáttir til landsins og fjölga þannig þeim svæðum sem geta notið góðs af ferðaþjónustu.”

Virðingarfyllt,
f.h. bæjarstjórnar Akureyrarbæjar,



Inga Þöll Þórgnýsdóttir
bæjarlögmaður / persónuverndarfulltrúi